

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 23. nóvember 2015
UST201511-006/B.S.
08.12.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Seiðaeldisstöð Nauteyri. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 28. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða stækkun seiðaeldisstöðvar sem er rekin á Nauteyri við Ísafjarðardjúp. Nú er heimilt að framleiða þar allt að 200 tonn af laxa- og regnbogasilungsseiðum. Fyrirhugað er að stækka stöðin þannig að unnt verði að auka framleiðsluna upp í 800 tonn af laxa- og silungsseiðum. Umfang mannvirkja mun aukast meir en nemur þessari aukningu þar sem ráðgert er að ala seiði í 200 gramma þyngd.

Við Nauteyri eru nú til staðar borholur langir og ýmis mannvirki tengd vatnsöflun og frárennsli. Ráðgert er að auka vatnstöku og byggja bæði ný hús og ný útiker.


Til þessa hefur losun verið í ós Hafnardsár, en fyrirhugað er að leggja nýja útrás í sjó sem ná mun vel niður fyrir stórstraumsfjöruborð. Við frárennsli er straumhraði að jafnaði 5,6 cm/s sem talið er að dreifi stærri saurögnum og fóðurleifum nokkuð vel. Samkvæmt mælingum koma reglulega kröftugir straumar (>30 cm/s) sem dreifa mun úrgangi enn betur.


Hér er um að ræða viðbót við mannvirki og starfsemi sem þegar er fyrir hendi. Losun í sjó með þeim hætti sem lýst er í greinargerð ætti að tryggja að ekki verði um uppsöfnun næringarefna að ræða. Sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verða nokkur en áhrif á gróðurfar og fuglalíf verða óveruleg.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Bent skal á að sækja þarf um starfsleyfi sem gefið er út af Umhverfisstofnun til Matvælastofnunar.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur